



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Laugardalur - Þjóðarhöll - breyting á deiliskipulagi

Á fundi borgarráðs þann 30. mars 2023 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. mars 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. mars 2023 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laugardals, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Breytingin felur í sér umtalsverðar breytingar á nærumhverfinu. Mestu áhyggjurnar eru af samnýtingu hallarinnar og óvissunni í því sambandi. Munu Ármann og Þróttur fá þarna tryggja aðstöðu? Munu nemendur og félög Laugardalsins fá þarna tryggja íþrótt- og æfingaaðstöðu? Ekki hefur lengi verið rætt við skólayfirvöld eða foreldra barna í Laugardal um þessi mál og þau hvorki spurð né boðið að borðinu þegar rætt er um samnýtingu. Fyrir liggur yfirlýsing frá aðalstjórn Þróttar og Glímufélagsins Ármanns þar sem fram kemur að mannvirkid eins og það er kynnt muni ekki leysa aðstöðuvanda íþróttafélaganna í dalnum. Það mun ekki anna þörf hverfisfélaganna fyrir æfingatíma fyrir börn, unglina og meistaraflokka né æfingar félagsfólks og barna. Þessi félög sem hér eru nefnd munu mæta afgangi ef fram fer sem horfir. Tryggja þarf aðstöðu hverfafélaganna í Laugardal enda um bráðamál að ræða. Flokkur fólksins hefur lagt fram eftirfarandi fyrirspurnir: Munu nemendur og félög Laugardalsins fá tryggja íþrótt- og æfingaaðstöðu í Þjóðarhöllinni? Munu Ármann og Þróttur fá tryggja aðstöðu í Þjóðarhöllinni?

Helga Björk Laxdal

e.u.